



Landmótun sf.

Lýsing á skipulagsverkefni skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

September 2025



EFNISYFIRLIT

1.	INNGANGUR	5
1.1.	Aðalskipulag	6
1.2.	Viðfangsefni	7
1.1.	Leiðarljós sveitarstjórnar	7
1.2.	Áherslur sveitarstjórnar	7
1.3.	Umsjón	9
1.4.	Skipulagsgögn	9
2.	FORSENDUR.....	10
2.1.	Skipulagssvæðið	10
2.2.	Staðhættir	10
2.2.1.	Jarðfræði	10
2.2.2.	Grunnvatn og lindasvæði	12
2.2.3.	Gróðurfar	12
2.2.4.	Veður.....	13
2.2.5.	Dýralíf	14
2.2.6.	Náttúruvá	14
2.2.7.	Flóaáveitan.....	15
2.3.	Samfélag.....	15
2.3.1.	Íbúafjöldi	15
2.3.2.	Mannfjöldaspá	17
2.3.3.	Húsnæðisþörf.....	19
2.4.	Atvinna	19
2.4.1.	Opinber þjónusta og samstarf sveitarfélaga.....	22
3.	UMHVERFISMAT.....	24
3.1.	Tengsl við aðrar áætlanir	24
3.1.1.	Landsskipulagsstefna	25
3.1.2.	Náttúruverndaráætlun.....	26
3.1.3.	Rammaáætlun.....	26
3.1.4.	Svæði á náttúruminjaskrá	26
3.1.5.	Samgönguáætlun	26
3.1.6.	Fjarskiptaáætlun	27
3.1.7.	Aðrar stefnur og samþykktir á sveitarfélags- og svæðisvísu	27



3.1.8.	Aðrar áætlanir stjórnvalda	27
3.1.9.	Kerfisáætlun	27
3.1.10.	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	27
3.1.11.	Helstu áhrifapættir.....	28
3.1.12.	Umhverfispættir og áherslur	29
3.1.13.	Umhverfisviðmið.....	31
3.1.14.	Valkostir og mat á áhrifum	35
4.	SKIPULAGSFERLIÐ.....	37
4.1.	Samráð og kynning.....	38
4.2.	Umsagnar- og samráðsaðilar	38

MYNDASKRÁ

Mynd 1.	Staðsetning Flóahrepps.....	10
Mynd 2.	Vindrósir við Tjarnastaði, Votmúlaveg og Langholt í Flóahreppi (Veðurstofa Íslands).....	13
Mynd 3.	Sýnir íbúapróun í Flóahreppi frá 1998-2025 (Hagstofa Íslands).	16
Mynd 4.	Mannfjöldaspá Byggðastofnunar.	17
Mynd 5.	Þróun íslenskra og erlendra ríkisborgara í Flóahreppi 2010-2024.....	18
Mynd 6.	Þróun kjarnafjölskyldunnar í Flóahreppi 1998-2024.....	19
Mynd 7.	Umferðartölur í Flóahreppi frá 2024 (Vegagerðin).....	22

1. INNGANGUR

Hér er lögð fram skipulags- og matslýsing fyrir endurskoðun Aðalskipulags Flóahrepps 2025-2037. Skipulagslýsing er verkáætlun um mótun tillögu að endurskoðun á gildandi aðalskipulagi þar sem tildrögum og forsendum skipulagsgerðarinnar er lýst og áherslur sveitarstjórnar lagðar fram ásamt tímaáætlun skipulagsferlisins. Með lýsingu er verkefnið kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum til að greiða fyrir og hvetja til þátttöku þeirra í mótun endurskoðaðrar aðalskipulagsáætlunar og þeim gefið færi á að koma athugasemdum sínum og hugmyndum á framfæri á upphafsstigum verkefnisins.

Tilgangur lýsingar er að:

- Tryggja aðkomu almennings og hagsmunaaðila og fá fram sjónarmið sem flestra samfélagshópa frá fyrstu stigum skipulagsvinnunnar.
- Stuðla að gagnsæi í öllu ferlinu og bæta upplýsingastreymi til íbúa og hagsmunaaðila.
- Gera skipulagsvinnuna markvissari.
- Sveitarstjórn og aðrir sem koma að skipulagsgerðinni hafi góða yfirsýn.
- Stuðla að auknum gæðum við gerð skipulags og umhverfismat þess.

Hvað er skipulagslýsing og hvaða erindi á hún við mig?

Í skipulagslýsingu gerir skipulagsnefnd sveitarfélags grein fyrir tildrögum skipulagsvinnunnar sem fyrirhuguð er og hvernig staðið verður að henni. Eftir að lýsingin hefur verið samþykkt í sveitarstjórn er hún kynnt opinberlega og send Skipulagsstofnun til umsagnar.

Tilgangur skipulagslýsingar er að veita upplýsingar um þá vinnu sem fram undan er. Þá er íbúum og öðrum hagsmunaaðilum gefið tækifæri til að fylgjast með vinnunni frá upphafi og koma á framfæri athugasemdum og ábendingum um nálgun við áætlunargerðina, viðfangsefni hennar og helstu forsendur frá fyrstu stigum skipulagsferlisins.

Ábendingar og athugasemdir sem berast við skipulagslýsinguna verða nýttar til að skilgreina verkefnið og ferli þess nánar og við greiningu og stefnumótun á síðari stigum vinnunnar.

1.1. Aðalskipulag

Í maí 2023 samþykkti sveitarstjórn Flóahrepps að hefja vinnu við heildarendurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins.

Gildandi aðalskipulag tók gildi árið 2018 og gildir til ársins 2029. Síðan það tók gildi hafa ýmsar forsendur breyst er varða landnotkun og þróun búsetu, atvinnulíf og innviði. Ný tækifæri og nýjar áskoranir hafa litið dagsins ljós er varða atvinnulíf, landnotkun og nýtingu annarra auðlinda. Tímabært er að staldra við og yfirfara stefnu og helstu markmið aðalskipulags og uppfæra þau sem ekki eiga við lengur. Yfirfara þarf aðalskipulagið og uppfæra skilmála og texta m.t.t. núverandi ástands og tryggja að skilmálar séu nægilega leiðbeinandi fyrir deiliskipulagsgerð. Þannig má tryggja að aðalskipulagið nýtist sem virkt stjórnþæki og sé til þess fallið að tryggja að markmið sveitarfélagsins náist og endurspeglar í þeim deiliskipulagsáætlunum sem gerðar eru.

Markmiðið er að aðalskipulag myndi umgjörð um sveitarfélagið og verði hagnýtt verkfæri við uppbyggingu og eflingu mannlífs í Flóahreppi. Það

skal vera traust umgjörð um atvinnulíf sem byggir á sjálfbærri nýtingu gæða og auðlinda svæðisins og stendur á sama tíma vörð um framtíð þeirra.

Hvað er aðalskipulag?

Aðalskipulag er skipulagsáætlun sem nær til alls lands sveitarfélags. Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðapróun og -mynstur, samgöngu- og þjónustukerfi, atvinnu- og umhverfismál.

Sveitarstjórn ber ábyrgð á gerð aðalskipulags. Skipulagsnefnd sveitarfélags annast gerð aðalskipulags í umboði sveitarstjórnar. Í aðalskipulagi skal lýsa forsendum þeirrar stefnu sem mörkuð hefur verið og hvernig fyrirhugað er að ná þeim markmiðum sem sett eru í áætluninni.

Aðalskipulagi er ætlað að leiða samfélög í átt að sjálfbærri nýtingu lands og stuðla að sveigjanlegu og öruggu umhverfi fyrir íbúa og atvinnulíf.

Aðalskipulag á að vera virkt stjórnþæki sem nýtist við ákvarðanatöku og við gerð áætlana sem fjalla um ráðstöfun lands og aðrar skipulagsáætlanir innan sveitarfélagsins skulu vera í samræmi við aðalskipulagið. Aðalskipulagið byggir á stefnuskjölum, lögum og reglugerðum sem í gildi eru.

1.2. Viðfangsefni

Í skipulagsvinnunni verður lögð áhersla á að móta skýra stefnu með aðkomu breiðs hóps, þ.e. íbúa og annarra hagsmunaaðila auk þeirra fulltrúa sem fara með skipulagsvaldið fyrir hönd sveitarfélagsins.

Í skipulagsvinnunni verður horft til fyrirhugaðra breytinga á legu þjóðveggar 1 um Ölfusárbrú sem liggur í gegnum sveitarfélagið sem mun hafa áhrif á landnotkun við sveitarfélagamörk Árborgar t.d. hvort að uppbygging er líkleg til að þróast í austurátt inn í Flóahrepp. Einnig er þörf á að endurskoða ýmsa þætti sem snúa að náttúruvá og flóðahættu í sveitarfélaginu, þætti er varða íbúapróun vegna nýrra íbúðasvæða innan sveitarfélagsins auk þess sem skoða þurfi nánar flokkun landbúnaðarlands með tilliti til matvælaframleiðslu og nýlegra leiðbeininga um flokkun ræktunarlands.

Í skipulagsvinnunni verður lögð áhersla á sjálfbærni í þróun og nýtingu lands án þess að ganga á mikilvæg náttúru- og menningarverðmæti svæðisins. Markmiðið er að auka lífsgæði íbúa með því að búa í haginn fyrir blómlegt atvinnulíf og gott og öruggt samfélag sem hvílir á traustum innviðum og skynsamlegri/sjálfbærri nýtingu auðlinda.

Sett er fram framtíðarsýn sem lýsir þeim árangri sem sveitarfélagið vill ná á næstu 15/20 árum, og markmið sem höfð verða að leiðarljósi á skipulagstímabilinu. Framtíðarsýn og markmiðum er ætlað að vera leiðarljós og innblástur í því starfi sem fram undan er.

1.1. Leiðarljós sveitarstjórnar

Skipulagið skal stuðla að hagkvæmri þróun byggðar á svæðinu, m.a. með því að skapa sem best skilyrði fyrir atvinnulíf og mannlíf og að gera búsetu á svæðinu eftirsóknarverða.

1.2. Áherslur sveitarstjórnar

Í vinnu við endurskoðun aðalskipulags verður farið yfir hvaða viðfangsefni í sveitarfélaginu kalla á sérstaka yfirferð og endurskoðun. Á þessum fyrstu stigum skipulagsvinnunnar hefur sveitarstjórn tilgreint nokkur atriði til yfirferðar en athugasemdir og ábendingar við skipulagslýsingu verða einnig nýttar við stefnumótunina.

- Að vinna áfram skipulag í samvinnu við Árborg við sveitarfélagamörk Árborgar og Flóahrepps. Huga þarf að því hvort skilgreina þurfi það svæði sem þéttbýli en í núverandi aðalskipulagi voru engin skilgreind þéttbýli í Flóahreppi.
- Skoða stefnu sveitarfélagsins um uppbyggingu þéttbýlis.
- Huga að því hvernig staðið verði að því að framfylgja sólarlagsákvæðum um íbúðarbyggðir og frístundabyggðir þ.e. að þau svæði þar sem ekkert er farið að gera verði tekin út og þá hvernig skuli staðið að því.
- Endurskoða þarf skilgreiningu og markmið sveitarstjórnar er snýr að yfirbragði byggðar. Víkka þarf þá skilgreiningu þannig að ekki sé eingöngu verið að horfa á að dreifbýlisyfirbragð sé yfirbragð byggðar í öllu sveitarfélaginu enda sveitarfélagið fjölbreytt og mismunandi hvernig hefur byggst upp eftir svæðum. Mikilvægt þykir að skoða þessa skilgreiningu og markmið til að gera sveitarfélagið enn meira aðlaðandi fyrir íbúa og fjölbreytta atvinnustarfsemi.

- Huga þarf vel að náttúruvá (flóðum og jarðskjálftum) og hvernig við viljum að það komi fram í aðalskipulaginu.
- Skilgreina þarf betur heimildir ferðaþjónustu á landbúnaðarlandi t.d. fara eftir fjölda í gistingu fremur en fermetrafjölda.
- Endurskoða þarf flokkun landbúnaðarlands fyrir sveitarfélagið. Skoða viðmið Skipulagsstofnunar um flokka landbúnaðarlands og hvað Flóahreppur þarf að gera í þeim málum til að standast nógildandi kröfur.
- Horfa þarf víðar á atvinnustarfsemi og marka stefnu um atvinnuuppbyggingu og fjölbreytta atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu.
- Laða að fyrirtæki og opinberar stofnanir með markvissri kynningarherferð á atvinnulóðum og innviðum skv. samþykkttri sameiginlegri atvinnustefnu Neðri hluta Árnessýslu.
- Áframhaldandi samráð við Vegagerðina snemma í ferlinu vegna framtíðarhugmynda um áframhaldandi uppbyggingu á samgöngum um þjóðveg 1 í gegnum Flóahrepp.
- Skoða þarf hvort hægt sé að opna fyrir efnistöku víðar í sveitarfélaginu, þar sem það á við, til að stytta vegalengdir og horfa á umhverfissjónarmið út frá því.
- Aðalskipulagið þarf að ríma við stefnu Flóahrepps sem byggð er á Heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna.
- Skoða þarf misræmi á milli aðalskipulagsáætlana við sveitarfélagamörk og á það við Flóahrepp/Árborg við Hóla og Tungu og misræmi milli Flóahrepps og Rangárþings Ytra í farvegi Þjórsár.
- Huga þarf að landnýtingu t.d. vegna skógræktar og endurheimtar votlendis.
- Horfa þarf á núverandi hverfisvernd og skoða hvort þurfi að endurskoða, stækka eða minnka svæði undir hverfisvernd.
- Skoða þarf alla vatnsvernd mjög vel og taka umræðuna um vatnsvernd í Hjálmholtlandi/Merkurhrauni (VB4).
- Skoða þarf skipulag meðfram þjóðvegi 1 frá sveitarfélagamörkum Árborgar og Flóahrepps og áfram austur að Þjórsá.
- Skoða sögu, menningu og jarðfræði innan sveitarfélagsins og klára fornleifaskráningu.
- Skoða reiðleiðir innan sveitarfélagsins.
- Flokkun vega í náttúru Íslands.
- Enduskoða gistiheimildir á frístundabyggðasvæðum, flokkur I og II.

Út frá þessum forsendum er það mat sveitarfélagsins að ekki þurfi að endurskoða texta aðalskipulagsins í heild sinni en horfa þurfi til ákveðinna þátta við úrvinnslu skipulagstillögunnar með áherslu á:

- Stefnumörkun vegna íbúðarsvæða í sveitarfélaginu.
- Stefnumörkun er varðar þróun þéttbýlisins á Selfossi yfir sveitarfélagamörk Árborgar og Flóahrepps.
- Stefnumörkun er varðar þróun ferðaþjónustu.
- Stefnumörkun er varðar uppbyggingu fjölbreyttrar atvinnuuppbyggingar.
- Stefnumörkun er varðar flóðahættu og náttúruvá.



- Flokkun landbúnaðarlands og votlendis og stefnumörkun er varðar framkvæmdaheimildir á þessum svæðum, m.a. sem taka til skógræktar.
- Yfirferð á vatnsverndarsvæðum.
- Endurskoðun og yfirferð á hverfisverndarsvæðum.

1.3.Umsjón

Sveitarstjórnir bera ábyrgð á gerð aðalskipulags sveitarfélaga. Samið var við Landmótun sf. um skipulagsráðgjöf við endurskoðunina. Landmótun mun starfa í samvinnu við vinnuhóp vegna aðalskipulags ásamt skipulagsfulltrúa sveitarfélagsins og halda utan um vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins. Sveitarstjórn, skipulagsnefnd, og aðrar nefndir sveitarfélagsins fjalla um málefni aðalskipulagsins eftir því sem tilefni er til, munu vinna að öflun gagna og mótun stefnu og vera þannig virkir þátttakendur í skipulagsgerðinni. Aðkoma íbúa og hagsmunaaðila í sveitarfélaginu frá upphafi skipulagsvinnunnar er mikilvægt og er rík áhersla lögð á samráð. Leitað verður álits sérfræðinga þegar þörf verður á faglegu mati eða öðrum sérfræðiupplýsingum.

1.4.Skipulagsgögn

Nýtt aðalskipulag verður sett fram sem stafrænt aðalskipulag og unnið í landupplýsingakerfi samkvæmt leiðbeiningum Skipulagsstofnunar. Skipulagið verður auk þess sett fram í greinargerð og á sveitarfélagsuppdraetti og mögulega þéttbýlisuppdraetti.

2. FORSENDUR

2.1. Skipulagssvæðið

Skipulagið tekur til alls lands sveitarfélagsins Flóahrepps sem afmarkast af Árborg í vestri, Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Hvítá í norðri, Þjórsá í austri og Atlantshafi í suðri. Sveitarfélagið er dreifbýlissveitarfélag og þar er enginn þéttbýlisstaður en miðstöð opinberrar þjónustu í sveitarfélaginu er í Þingborg.



Mynd 1. Staðsetning Flóahrepps.

2.2. Staðhættir

Sveitarfélagið Flóahreppur varði til árið 2006 við sameiningu þriggja hreppa, Hraungerðis-, Villingaholts- og Gaulverjabæjarhrepps og er alls 290 km² að stærð.

2.2.1. Jarðfræði

Berggrunnurinn í austanverðum Flóahreppi einkennist af svokallaðri Hreppamyndun, sem samanstendur af hraunlögum, móbergsmýndunum og setlögum frá ísöld. Þessi jarðlög eru um 1200-1300 metra þykk og eru að mestu leyti meira en þrjár milljónir ára gömul. Í berggrunninum má finna misgengi, sum hver eru holufyllt.

Hreppamyndunin kemur vel fram í hólum og ásum á flatlendinu í Flóanum, til dæmis í Oddgeirshólum, Miklaholti, Kampholti, og víðar. Víða í Flóanum er einnig að finna svokallaða móhellu, sem myndast hefur úr fínkorna fokseti frá síðustu ísöld og liggur víða á yfirborði, sérstaklega á svæðum þar sem Þjórsárhraunið nær ekki yfir.

Í Flóahreppi er nokkur móbergsbjörg, sérstaklega í vestanverðu svæðinu, þar sem bændur hafa byggt bæi á hæðum til að forðast árlega flóðasvæði og votlendi. Þessir móbergsásar hafa oft verið nýttir sem túnakjarnar eða vatnsból. Nokkrir þeirra hafa orðið fyrir breytingum vegna mannvirkjagerðar og landbúnaðar.

Þjórás flæðir meðfram Flóanum og þegar flóð verða, einkum í hlýindatímabilum og vorleysingum, dreifist vatnið yfir láglandið. Árstíðabundnar ár eins og Þjórás og affall hennar mynda nýj setlög og fín malaða móhelli á láglandinu. Flóð í Þjórás eru mun fátíðari en á árum áður vegna jafnara rennslis í kjölfar virkjana ofar í ánni.

Eitt stærsta hraunflæði síðustu 10.000 ára á Íslandi er Þjórásrahraunið, sem rann frá Veiðivatnasvæðinu fyrir um 8.700 árum. Hraunið flæddi niður farveg Þjórásar og dreifðist um Flóann. Þykkasti meginstraumurinn rann vestur í gegnum Urriðafoss og út í sjó. Austari hluti hraunsins sveigði suður í átt að Kolsholti og Gróf.

Hraunið náði um 1 km út fyrir núverandi strönd, þar sem sjávarstaða var þá lægri. Í dag sést hraunið víða í fjörum milli Þjórásar og Ölfusár. Nyrsti hluti hraunsins, kallaður Merkurhraun, er sýnilegur sunnan Suðurlandsvegar og samanstendur af grágjallasteypu og hraunhólum.

Þykkt Þjórásrahraunsins hefur verið mæld á nokkrum stöðum og er að meðaltali um 22 metrar, en í Flóanum er það oft 15-20 metrar að þykkt. Hraunið virðist hafa runnið í einum samfelldum straumi og hulið stór svæði með tiltölulega jöfnu yfirborði. Það hefur dreifst yfir um 970 km² landsvæði, sem gerir það að stærsta hraunflæði sem vitað er um að hafi runnið í einu gosi á nútíma.

Sá jarðvegur þar sem Þjórásrahraunið liggur í Flóahreppi er að mestu leyti votlendisjarðvegur, þar sem mýrar, tjarnir og bleytusvæði, oft kölluð flóð og dælur, eru algeng. Vatnsstaða hefur breyst verulega í gegnum tíðina, sérstaklega þar sem Þjórás og Hvítá renna sitt hvoru megin við hraunið og móta farvegi sína með tíð og tíma. Með tíðari flóðum og áfoksefnum hafa fokset og árframburður smám saman hulið stóran hluta hraunsins, og nú má finna gróið land yfir mörgum svæðum sem áður voru hraunbreiður.

Víða eru nú tugir metra af jarðvegi ofan á hrauninu, sérstaklega sunnan til í sveitinni. Flatt landslag svæðisins veldur því að grunnvatnsstaða er há, sem leiðir til myndunar stórra mýra og tjarnarsvæða.

Í neðanverðum Flóa eru nokkuð um eldri foksandshóla sem liggja ofan á Þjórásrahrauninu. Nokkrir bæir hafa verið byggðir á slíkum hólum, svo sem Arnarhóll og Gegnishólar. Við suðurjaðar hraunsins hefur einnig myndast fjörukambur úr sjávarseti, sem varð til þegar sjórinn færði með sér sand og grjót.

Þessi fjörukambur, sem liggur við hraunið, er að hluta til gerður úr basaltsandi, sem hefur borist þangað bæði með niðurbroti hraunsins og frá Heklukviku. Hann er nokkra metra hár og telst því vera merkilegt setmyndunarsvæði. Á innra landi er kamburinn hærri og myndar nokkurs konar varnargarð gegn flóðum og vexti vatna sem koma frá mýrarsvæðum. Þess vegna hafa innan hans myndast dældir og flæðilón.

2.2.2. Grunnvatn og lindasvæði

Suðurland fær mikla úrkomu, og berglög í Flóahreppi geta tekið við miklu vatni. Stór hluti þessarar úrkomu sígur niður í berggrunninn og berst að lokum til sjávar sem grunnvatnsstraumar. Í norðanverðum Flóahreppi er land hærra, sem veldur því að mikið grunnvatn rennur suður yfir Flóann. Þjórshraunið er sérstaklega vatnsauðugt, þar sem sprungur í hrauninu veita vatninu greiða leið.

Á svæðinu austan Brúnastaða, við hreppamörk Skeiða- og Gnúpverjahrepps, er vatn í jarðvegi lítið vegna þess að landið er ekki mýrlent og oft notað til landbúnaðar. Grunnvatnsstraumar þar liggja til suðurs og eiga upptök sín í lindum vestur frá Urriðafossi. Í Bitrulindum, þar sem Hróarholtslækur á upptök sín, er mikil sprungumyndun í hrauninu sem leiðir vatn neðanjarðar.

Mat á grunnvatnsstraumum á svæðinu var framkvæmt til að meta magn og gæði vatnsins, sérstaklega vegna vatnsverndarsvæða við Bugalæk, Hjálmholt og fleiri staði. Hraunið á þessu svæði er talið um 20-30 metra þykkt og mjög vatnsríkt. Vatnsgæðin eru almennt góð, en á einstaka stöðum hefur járnmengun mælst í vatninu, þó ekki í lindum og gjám þar sem vatnið kemur upp.

Í Holtalandinu er land mishæðótt, og vatn hnígur í allar áttir, sem veldur því að ekki myndast einn stór grunnvatnsstraumur heldur fjölmargir smærri. Þessar lindir og smáár hafa verið nýttar til vatnsveitna. Helstu lindasvæði eru Ruddakrókar, Samúelslind í Þingdal, lindir á Neistatöðum og í Dalsmynni.

Á sumum stöðum, til dæmis við Vola, hafa boranir ekki leitt til raunhæfra lausna til að nýta jarðhita. Jarðlög eru þar mjög þétt og sprungur ekki nægjanlega opnar.

Jarðhitagildir í berggrunninum benda til þess að hægt sé að nýta heitt vatn á fleiri stöðum. Rannsóknir sýna að hitastigið í borholum sunnan Skeiðavegamóta eykst með dýpi og gæti náð allt að 120°C í norðvesturhluta svæðisins.

Árið 1944 var fyrst borað eftir heitu vatni í Laugardælum, sem leiddi til frekari rannsókna í kringum Selfoss og Stóra-Ármót. Í Holtum var árið 1985 borað eftir heitu vatni, sem skilaði 80°C vatni. Fleiri boranir fylgdu í kjölfarið, til dæmis í Hruna. Árið 1967 var einnig borað við Sólholti sunnan Selfoss, þar sem fundust 56°C heitt vatn á 115 metra dýpi. Einnig hefur fundist heitt vatn í landi Lauga og Oddgeirshóla (þar sem Hitaveita Hraungerðishrepps sækir vatn) ásamt landi Vatnsholts og Yrpuholts.

2.2.3. Gróðurfar

Flóahreppur er flatlendur og grösugur en í austurhluta eru ásar og láglendi á víxl. Helstu þurrlandisvistkerfi eru á móbergsásum og hraunum, eins og Merkurhrauni (Hjálmholtshrauni) og Brúnastaðaflötum. Landið skiptist í fjölbreytt grjótlendi, leirlendi og þurrt hraun með rökum dældum á milli. Helstu mýrasvæði eru meðfram Þjórshrauni.

Stærstu votlendissvæðin eru Sortinn við Langholtsverfi og mikil mýrlendi eru einnig við Krákumýri og austast í Flóahreppi, þar sem land skiptist í gróðurlendi og blautar mýrar. Helstu stöðuvötn eru Villingaholtsvatn, Laugardælalavatn og Miklavatn.

Skógræktarskilyrði eru almennt slök, en nokkur svæði með halla til suðurs eru betur til þess fallin að rækta skóg. Land og skógur (áður Suðurlandsskógar) styðja við fjölnytjaskógrækt, sem hefur bæði landbætandi áhrif og eflir líffræðilega fjölbreytni.

Skógræktarfélag Villingaholtshrepps var stofnað 1951 og starfar nú sem hluti af Skógræktarfélagi Árnesinga. Gróðursetning hófst 1952 í Skagaási og víðar, þar sem gróðursettar voru yfir 20.000 plöntur, þar á meðal birki. Frá 1978-1987 tók Kvenfélag Villingaholts þátt í skógræktinni. Einnig er starfandi Skógræktardeild Ungmennafélagsins Samhygðar í Timburhólum og Skógræktarfélag Hraungerðishrepps sem hefur að mestu plantað við svæðið í Þingborg.


Mörg minni skjólbelti og skógarlundir hafa verið gróðursettir með stuðningi Suðurlandsskóga, sérstaklega til að bæta jarðveg og draga úr uppblæstri. Stærsta skógræktarsvæðið er um 80 hektarar og flest tré voru gróðursett á opnu landi í sveitarfélaginu.

2.2.4. Veður

Á Eyrarbakka, sem er skammt vestan Flóahrepps, er veðurathugunarstöð. Svæðið er frekar rakt, sérstaklega frá september til janúar, en úrkoma minnkar að vori og júní er þurrasti mánuðurinn.

Mælingar frá 1960-2014 sýna að ársúrkoma hefur sjaldan farið undir 1400 mm, nema árið 2010 þegar hún var 1037 mm.

Meðalhiti á Eyrarbakka á tímabilinu 1961-1990 var 4,1°C, aðeins lægri en í Reykjavík (4,3°C) og hærri en á Akureyri (3,2°C). Á 21. öld hefur meðalhitinn farið undir 5°C einungis einu sinni, árið 2013 (4,7°C). Í Árnesi sem liggur norðaustan við Flóahrepp er einnig að finna veðurathugunarstöð. Meðalhiti á tímabilinu 1961-1990 á Árnes var 5,3 °C sem er herra en allar hinar þrjár stöðvarnar sem eru nefndir hérað ofan.¹



Mynd 2. Vindrósir við Tjarnastaði, Votmúlaveg og Langholt í Flóahreppi (Veðurstofa Íslands).

¹ Veðurstofa Íslands. 2015. Tíðarfar ársins 2014. Sótt 10.09.2025 af: <https://www.vedur.is/um-vi/frettit/nr/3061>

Vindrósir við þrjár mælistöðvar í sveitarfélaginu (Tjarnastaði, Votmúlaveg og Langholt) sýna að ríkjandi vindátt er norðaustan átt og hefur hún áhrif á staðbundna veðurfarsþætti.

2.2.5. Dýralíf

Vilt spendýr eru fá í Flóahreppi, en refir, mýs og minkur finnast. Fuglalíf er fjölbreytt, sérstaklega á votlendi, þar sem algeng eru vað- og söngfuglar ásamt sjaldgæfari fuglategundum eins og lómi, þórshana og óðinshana. Í og við Hvítá má finna fríðar fuglategundir eins og blesgæs og marggæs og fjörur og votlendi í Flóanum eru mikilvæg farfuglasvæði vor og haust. Lax og silungur finnast í ám og vötnum sveitarfélagsins, auk sela við Þjórsá og norðar í ánni.

2.2.6. Náttúruvá

Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er náttúruvá skilgreind sem hættusvæði vegna skriðufalla, jarðskjálfta, vatnsflóða eða annarra náttúruhamfara. Náttúruvá má flokka í félagslega, efnahagslega og náttúrulega áhættu, þar sem flóðasvæði og jarðskjálftasvæði krefjast sérstakrar skipulagsaðgerða.

Flóahreppur er á Suðurlandsskjálftabeltinu, sem teygir sig frá Heklu að Henglinum í Ölfusi. Svæðið er um 10-20 km á breidd frá norðri til suðurs og 70 km á lengd. Mestu jarðskjálftarnir síðustu aldir hafa náð 7,1 að stærð og valdið miklum skemmdum. Þverbrotalínur á beltinu eru virkar og geta hreyfst lárétt um nokkra metra í jarðskjálfta.

Einstaka skjálftar valda yfirborðsbrotum, oft sem siggengi eða sniðgengi. Stærstu skjálftarnir undanfarið hafa mælst um 6 á Richter-kvarða, en hámarks hönnunarhröðun á svæðinu er áætluð 0,5 g, sem er meðal hæstu gilda á landinu. Í skipulagi þarf því að taka mið af þessum áhættuþáttum, sérstaklega í nýbyggingum.

Jarðskjálftakortlagning sýnir að sprungur geta myndast í skjálftum, en eru almennt ekki mjög áberandi í landslaginu.

Hvítá og Þjórsá geta flætt yfir bakka sína og valdið víðtækum áhrifum í Flóahreppi, þó séu flóð í Hvítá algengari. Flóð verða oft vegna mikillar úrkomu eða leysinga, sérstaklega þegar ár renna yfir klakastíflu.

Veðurstofa Íslands hefur kortlagt flóðasvæði í Hvítá, meðal annars flóðið 2006 sem dreifðist yfir svæði meðfram ánni. Flóð verða einnig í Þjórsá, sérstaklega ef jökulhlaup fylgja eldgosum, eins og mögulegt væri í kjölfar eldgoss í Bárðarbungu.

Ef slíkt gos myndi eiga sér stað, gæti jökulhlaup borið 6000 m³/s vatn og valdið miklum flóðum á Tungnásvæðinu og við Hágöngulón. Vatnið myndi renna til norðurs og rjúfa sig niður meðfram Hágönguhrauni, en flóðið gæti síðan runnið niður í Þjórsá og haft áhrif á byggð á leið sinni.

Flóð úr Sultartangalóni eða Tunгнаá gætu einnig valdið hættu, sérstaklega ef eldgos eða jarðskjálfti kæmi af stað vatnsyfirfalli. Áhrif slíkra atburða væru mest á láglandi í Flóahreppi, þar sem grunnvatn er hátt og jarðvegur metkast hratt.

Skipulagsráðstafanir miða að því að lágmarka áhrif flóða, meðal annars með vöktun, kortlagningu flóðasvæða og viðeigandi skipulagsákvörðunum fyrir byggð.

2.2.7. Flóaáveitan

Bændur í Flóa höfðu lengi barist við flóð frá Hvítá, sérstaklega sunnan við Hestfjall, þar sem árlega flæddi yfir bakka árinna. Tilraunir voru gerðar til varna, en landið var enn oft vatnssósa að vori og hausti. Árið 1898 hófst fyrsta áveitutilraun í Brúnastaðafötum, og upp úr því komu hugmyndir að stærri áveitu til að bæta ræktunarskilyrði.

Flóaáveitan var formlega samþykkt árið 1905 og tók við af eldri skurðakerfum. Stærsta framkvæmdavinnan hófst 1922 með gerð aðalstokks við Sandskörð á Hvítá, sem leiddi vatn í kerfi skurða og skurðfljóta. Áveitan skilaði verulegum framförum í ræktunarskilyrðum svæðisins og dreifði vatni jafnt um stórt svæði.


Áveitan varð einn mikilvægasti áveitugarður landsins, sérstaklega í Flóanum, þar sem hún þjónaði fjölda bænda með betra ræktunarland og vatnsstjórnun. Árið 1970 var þó hætt að veita vatni í kerfið vegna minnkaðs ávinnings og aukins skurðakerfis en í dag er hún nýtt að hluta til.

Núverandi landnýting svæðisins er fjölbreytt, en áhrif áveitunnar sjást enn í landslagi og ræktunarskilyrðum Flóahrepps.

2.3. Samfélag

2.3.1. Íbúafjöldi

Gögn frá Hagstofu Íslands um íbúapróun í sveitarfélaginu Flóahreppi sýna að íbúum hefur fjölgað jafnt og þétt undanfarna áratugi, úr 496 árið 1998 í 726 árið 2025.



Mynd 3. Sýnir íbúaþróun í Flóahreppi frá 1998-2025 (Hagstofa Íslands).


Aldursþýramíðinn fyrir Flóahrepp árið 2025 sýnir dreifingu íbúa eftir kyni og aldurshópum. Karlar eru sýndir vinstra megin (grænu súlurnar) og konur hægra megin (appelsínugulu súlurnar).

- **Eldri aldurshópar eru fjölmennari:** Hópar 60 ára og eldri eru áberandi fjölmennir, sérstaklega hjá konum, sem bendir til öldrunar íbúa.
- **Ungir aldurshópar eru minni:** Börn og ungmenni (0-20 ára) eru tiltölulega fá, sem gæti bent til þess að fæðingartíðni sé lág eða að ungt fólk flytjist úr sveitarfélaginu.
- **Munur milli kynja í eldri hópum:** Eins og algengt er á Íslandi, eru konur fleiri í elstu aldurshópunum, líklega vegna lengri meðalævi kvenna.

Aldurssamsetningin bendir til þess að Flóahreppur gæti staðið frammi fyrir áskorunum tengdum öldrun íbúa, þar sem stór hluti þeirra er kominn á eða nalgast eftirlaunaaldur. Þetta gæti haft áhrif á þjónustubörf sveitarfélagsins, sérstaklega hvað varðar heilbrigðisþjónustu og aðgengi að búsetu fyrir aldraða. Ef ungt fólk flytur burt í miklum mæli gæti það einnig haft áhrif á starfsemi skóla og framboð vinnuafis.


Mögulegar aðgerðir til að jafna aldurssamsetningu gætu falið í sér að efla atvinnu- og þjónustutækifæri fyrir ungt fólk og fjölskyldur til að draga úr brottflutningi og laða nýja íbúa að.

2024



2.3.2. Mannfjöldaspá

Mannfjöldaspá Byggðastofnunar byggir á gögnum frá Hagstofu Íslands og gerir ráð fyrir að íbúafjölgun haldi áfram í Flóahreppi og að íbúafjöldi verði um 1200 árið 2035 og verði kominn yfir 1500 árið 2045 ef miðað er við efri mörk spárinnar.




Mynd 4. Mannfjöldaspá Byggðastofnunar.

Línuritið hér að neðan sýnir þróun fjölda íslenskra og erlendra ríkisborgara í Flóahreppi frá 2010 til 2024. Grænar súlur tákna heildarfjölda íbúa, blá lína með punktum sýnir fjölda íslenskra ríkisborgara, og græn lína með punktum sýnir fjölda erlendra ríkisborgara.

Niðurstöðurnar benda til þess að íslenskir ríkisborgarar séu yfirgnæfandi meirihluti í sveitarfélaginu, en fjöldi þeirra hefur sveiflast lítillega á tímabilinu. Þrátt fyrir þessar sveiflur hefur heildarfjöldi íbúa haldist nokkuð stöðugur, með smávægilegri fjölgun síðustu ár. Á sama tíma hefur fjöldi erlendra ríkisborgara aukist hægt en stöðugt, þó að hlutfall þeirra af heildaríbúafjölda sé enn lágt.

Þessi þróun gefur til kynna að Flóahreppur sé ekki að upplifa mikla fjölgun íbúa af erlendum uppruna, eins og hefur sést í sumum öðrum sveitarfélögum landsins. Þó er ljóst að lítilsháttar fjölgun hefur átt sér stað, sem gæti verið vísending um breyttar atvinnu- eða búsetuaðstæður. Ef þessi þróun heldur áfram gæti sveitarfélagið þurft að íhuga áhrif

hennar á þjónustu og skipulag í framtíðinni, sérstaklega ef hlutfall erlendra íbúa eykst frekar.




Mynd 5. Þróun íslenskra og erlendra ríkisborgara í Flóahreppi 2010-2024.

Gögn Hagstofu Íslands sýna að samsetning kjarnafjölskyldna í Flóahreppi hefur tekið breytingum á tímabilinu 2010–2025. Einstaklingar eru orðnir langfjölmennasti hópurinn og hafa aukist jafnt og þétt síðustu ár. Hjónabönd án barna sýna einnig hæga fjölgun og eru nú næstfjölmennasti hópurinn.

Hjónabönd með börnum haldast tiltölulega stöðug, um 45–50 fjölskyldur, og sýna ekki vaxandi þróun. Óvígð sambúð, bæði með og án barna, er minni hópur sem hefur þó haldist stöðugur með smávægilegri aukningu síðustu ár. Einstæðar mæður eru fjölmennari en einstæðir feður og hafa fjölgað lítillega, en báðir hópar eru fremur fámennir í samanburði við aðrar fjölskyldugerðir.

Heildarniðurstaðan bendir til þess að fjölskyldumynstur í sveitarfélaginu sé að verða fjölbreyttara. Hlutfall einstaklinga og hjóna án barna eykst, á meðan hefðbundin kjarnafjölskylda með börn heldur sér stöðug en án aukningar. Þessi þróun endurspeglar almenna samfélagsbreytingu þar sem fjölskyldugerðir eru að verða fjölbreyttari og hefðbundin fjölskyldumynstur ekki lengur eins ráðandi og áður.

Kjarnafjölskyldur eftir sveitarfélögum og fjölskyldugerð 1998-2025



Heimild: Hagstofa Íslands

Mynd 6. Þróun kjarnafjölskyldunnar í Flóahreppi 1998-2024.

2.3.3. Húsnæðisþörf

Í húsnæðisáætlun Flóahrepps fyrir árin 2025-2034 er gert ráð fyrir að íbúðarþörf haldist stöðug, með um 5-6 nýjum íbúðum á ári. Þessi þörf byggir á mannfjöldaspá sem gerir ráð fyrir stöðugri fjölgun íbúa í sveitarfélaginu. Ef við gerum ráð fyrir að íbúafjöldinn í Flóahreppi nái 1.500 íbúum árið 2045, þá þarf að auka íbúðaframboð verulega til að mæta þessari fjölgun. Hér er nánari greining á því hvernig þessi þörf er metin og hvað þarf til að mæta henni.

Samkvæmt mannfjöldaspá í húsnæðisáætluninni er gert ráð fyrir að íbúafjöldi í Flóahreppi hækki úr 713 íbúum árið 2025 í 855 íbúa árið 2034. Ef við gerum ráð fyrir að þessi þróun haldi áfram og íbúafjöldinn nái 1.500 árið 2045, þá þarf að byggja um 10-12 nýjar íbúðir á ári á tímabilinu 2035-2045. Þetta er mun hraðari fjölgun en áður var áætlað, en hún er nauðsynleg til að mæta þörfum fyrir 1.500 íbúa. Í Flóahreppi er meðalfjölskyldustærð um 3 á hverja íbúð. Núverandi íbúðafjöldi í Flóahreppi er um 240 íbúðir. Þetta þýðir að þörf er fyrir um 260 nýjar íbúðir á tímabilinu 2025-2045 til að mæta þörfum fyrir 1.500 íbúa.

Íbúðamarkaðurinn í Flóahreppi er að miklu leyti háður einkaaðilum, en sveitarfélagið vinnur að því að auka framboð á hagkvæmum íbúðum fyrir fyrstu kaupendur. Stefnan felur í sér að byggja raðhús, parhús og smærri einbýlishús sem henta fyrstu eignarkaupendum. Þetta er mikilvægt til að tryggja að ungt fólk og fjölskyldur geti sest að í sveitarfélaginu.

2.4. Atvinna

Atvinnulífið í Flóahreppi einkennist af fjölbreyttum og öflugum landbúnaði þar sem kúabúskapur, sauðfjárbúskapur og hrossarækt eru meginþættir. Búskapur er stundaður á fjölmörgum bæjum um allt sveitarfélagið og skapar sterkan grunn fyrir byggð og samfélag.

Samkvæmt nýjustu gögnum eru nautgripir á 31 búi í Flóahreppi, þar sem samtals 3.895 gripir eru skráðir, þar af 1.544 mjólkurkúr, 1.468 kvígur og 883 naut. Sauðfjárbú eru 33 talsins með samtals 4.576 fjár, þar af 3.828 fullorðnar ær, 597 veturgamlar og 151 hrútur.

Til viðbótar við hefðbundinn búskap má nefna loðdýrarækt, sem náði hámarki árið 2011 með 3.937 skráð dýr, en var komin niður í 3.772 árið 2013. Í dag er aðeins eitt loðdýrabú starfandi í sveitarfélaginu. Einnig má finna kjúklingabú í Flóahreppi sem og grænmetisrækt á nokkrum bæjum, þar sem gulrætur, kartöflur og gulrófur eru algengustu tegundirnar. Hrossarækt hefur vaxið jafnt og þétt á undanförunum áratugum, þó dregist hafi lítilla saman á síðustu árum en 88 hrossabú eru skráð með samtals 1745 hrossum. Ferðaþjónusta hefur tekið stöðugum vexti í Flóahreppi undanfarin ár og hefur orðið sífellt mikilvægari hluti af atvinnulífi sveitarfélagsins. Fjölbreytt þjónusta er í boði fyrir ferðafólk, þar sem bæði gisting og afþreying endurspeglar sérstöðu svæðisins og tengingu við sveitalífið. Má þar nefna hótél og gistiheimili, heimagistingu, glamping í náttúrulegu umhverfi, ullarvinnslu, handverk og sýningar í gömlum húsum, gestastofur og veitingastaði, auk hestaleiga og dagsferða sem veita innsýn í menningu og landslag Flóahrepps.

Samkvæmt gögnum frá 2022 störfuðu 31 launagreiðendur í ferðaþjónustu í sveitarfélaginu. Tæplega 50 manns eða 14,4% launþega höfðu atvinnu af ferðaþjónustu, hvort sem í hlutastarfi eða fullu starfi. Þá koma 9,6% atvinnutekna í Flóahreppi frá ferðaþjónustu – sem samsvarar tæplega 230 milljónum króna. Ferðaþjónusta skilar sveitarfélaginu einnig verulegum skatttekjum; áætlað er að um 10,2% skatttekna (útsvar og fasteignaskattar án jöfnunarsjóðs) megi rekja beint til greinarinnar – rúmlega 53 milljónir króna.

Gistiaðstaða er fjölbreytt og árið 2022 voru skráð 66 gistirými í hótélum og gistiheimilum, sem jafngildir 151 rúmi. Meðal þeirra sem bjóða upp á gistingu eru m.a. Hótel Vatnsholt, 360° Boutique Hotel, Gistiheimilið á Lambastöðum, Skálatjörn, glamping á Traustholtshólma, Ölvisholti og á Loftsstöðum Vestri, heimagisting á Vatnsholti 1A, Urriðafoss apartments og sumarhús í Klettholti. Þá má nefna svefnpokagistingu í félagsheimilunum Þingborg og Félagslund.

Afþreying og menningarstarfsemi er einnig fjölbreytt. Þar má nefna fyrirtæki á borð við SPS-ferðir, Minibus.is og Elite by Locals, sem bjóða upp á dagsferðir, en auk þess má finna matarupplifanir, sýningar, ullarverslun og listasöfn. Meðal starfandi aðila eru m.a. Gallery Flói, Tré og list og Íslenski bærinn í Austur-Meðalholti.

Áfangastaðaaætlun Suðurlands

Unnið hefur verið að **áfangastaðaaætlun fyrir Suðurland**, sem felur í sér skipulag og samhæfingu aðgerða til að tryggja **sjálfbæra þróun ferðaþjónustu**. Þar er tekið tillit til þeirra þátta sem hafa áhrif á upplifun ferðamanna, umhverfi og samfélag, svo sem:

- Viðhalds og verndunar ferðamannastaða
- Samspils ferðamanna og heimamanna
- Áhrifa ferðaþjónustu á atvinnulíf og sveitarfélög


Ferðamálastofa hefur einnig kortlagt **auðlindir íslenskrar ferðaþjónustu**, þar sem áhersla er lögð á náttúrulega sérstöðu Íslands og dreifingu ferðamanna utan höfuðstaðarins. Innan núgildandi stefnu eru nokkrir staðir þar sem lagt er til að farið verði í frekari uppbyggingu. Staðirnir eru:

- [Urriðafoss](#)
- [Ásavegur](#)
- [Flóðgáttinn](#)
- [Austur-Meðalholt](#)
- [Þjósárós](#)
- [Lofsstaðahóll](#)

Samkvæmt reglugerð nr. 1277/2016 flokkast gistiþjónusta í nokkra flokka:

- **Hótel:** Gististaðir með þjónustu og fleiri en 10 herbergi.
- **Gistiheimili:** Minni gististaðir með þjónustu, oft staðsett í heimahúsum eða smærri húsnæði.
- **Heimagisting:** Einstaklingar sem leigja út eigin fasteign til ferðamanna.
- **Íbúðir:** Lögbyli eða starfsmannahúsnæði sem tímabundið er leigt út.
- **Frístundahús:** Hús utan þéttbýlis sem eru leigð ferðamönnum tímabundið.

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni fóru árið 2024 að meðaltali 6.700 ökutæki á dag um Suðurlandsveg frá Gaulverjabæjarvegi að Villingaholtsvegi, sem undirstrikar mikilvægi hans sem aðkomuleið að Flóahreppi fyrir ferðamenn. Umferð um aðra vegi í sveitarfélaginu er minni, en fjölgun ferðamanna kallar á að horft verði til framtíðarskipulags og öryggis í vegakerfinu með viðeigandi uppbyggingu og viðhaldi vega, ekki síst helstu tengivega sem eru mikilvægir í samgöngukerfinu innan sveitarfélagsins.



Mynd 7. Umferðartölur í Flóahreppi frá 2024 (Vegagerðin).

2.4.1. Opinber þjónusta og samstarf sveitarfélaga

Flóahreppur veitir íbúum ýmsa opinbera þjónustu svo sem rekstur leik- og grunnskóla, velferðarmál, sorphirðu, snjómokstur, rekstur kaldavatnsveitu og ljósleiðara, sinnir íþrótt- og æskulýðsmálum, menningarmálum, málefnum aldraðra og fatlaðs fólks. Sveitarfélagið hefur einnig víðtækt samstarf við nágrannasveitarfélög í ýmsum málaflokkum með það að markmiði að veita góða þjónustu í fjölbreyttum málaflokkum og lögbundnum verkefnum.

Miðstöð stjórnsýslu fyrir Flóahrepp er í Þingborg þar sem skrifstofa sveitarfélagsins er staðsett ásamt leikskóla sveitarfélagsins. Sveitarfélagið er þátttakandi í byggða- og þjónustusamstarfi á Suðurlandi, sem felur í sér samvinnu um ýmis verkefni, þar á meðal:

- **Samband sunnlenskra sveitarfélaga**
- **Brunavarnir Árnessýslu bs.**
- **Heilbrigðiseftirlit Suðurlands**
- **Tónlistarskóli Árnesinga bs.**
- **Skipulags- og byggingarmál hjá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita bs.**
- **Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings b.s**
- **Bergrisinn bs.**

Lista- byggða- og héraðsskjalasafn Flóahreppur rekur grunn- og leikskóla. Heildstæður grunnskóli, Flóaskóli, er rekinn af sveitarfélaginu fyrir nemendur í 1.-10. bekk og er hann staðsettur á Villingaholti. Fjöldi nemenda í Flóskóla var 111 skólaárið 2024-2025 Leikskólinn Krakkaborg er staðsettur í Þingborg en hann veitir þjónustu fyrir börn frá 12 mánaða aldri.

Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings bs. sinnir lögbundinni skóla- og sérfræðiþjónustu. Skólalþjónustan tekur m.a. til stuðnings við nemendur í leik- og grunnskóla og foreldra þeirra og hins vegar stuðnings við starfsemi skóla og starfsfólk þeirra.

Velferðarþjónustu sveitarfélagsins er sömuleiðis sinnt af Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. en verkefni félagsþjónustu eru fjölbætt og ná til ýmsa þátta s.s. barnaverndar, málefna fatlaðs fólks, félagslegrar ráðgjafar, fjárhagsaðstoðar, forvarna, húsnæðismála, sérstaks húsnæðisstuðnings og málefna fólks með annað ríkisfang.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSu) rekur heilsugæslu-, sjúkrahús- og öldrunarþjónustu Selfossi, sem þjónar svæðinu. Einnig annast HSu sjúkraflutninga og rekur bráðamóttöku og bráðavakt lækni á Selfossi. Brunavarnir Árnessýslu (BÁ) eru með aðalstöð á Selfossi en auk þess eru sex útstöðvar. BÁ sinnir öllum þeim fimm meginþjónustuflokkum sem kveðið er á um í reglugerð 747/2018. Helstu verkefni eru m.a. slökkvi- og björgunarstörf í mannvirkjum og gróðri, viðbrögð við umhverfisslysum, björgun vegna umferðaróhappa. Starfsstöðvar eru á Selfossi, Laugarvatni, Reykholti, Árnesi, Þorlákshöfn, Hveragerði og á Flúðum.

Flóahreppur er með samning um sorphirðu í Flóahreppi. Við flokkun úrgangs er notast við fjögurra tunnu kerfi. Á hverju heimili er ein tunna fyrir almennt sorp, ein tunna fyrir lífrænan úrgang, ein fyrir papp og pappír og ein tunna fyrir plast. Grenndarstöðvar eru við félagsheimilin Þingborg og Félagslund en þar er hægt að henda gleri, málmum og textíl í lokuðum pokum. Móttökustöð fyrir úrgang er starfrækt hjá þjónustuverktaka á Selfossi en þangað geta íbúar farið með alla helstu úrgangsflokka. Sveitarfélagið leggur mikla áherslu á mikilvægi flokkunar og eflingu hringrásarhagkerfis.

Vatnsveita Flóahrepps liggur um allt svæðið og eru nokkrar lindir nýttar til vatnsöflunar og dreifingar. Vatnsveitan er einnig tengd við vatnsveitu Árborgar með vatnslögn sem liggur frá Selfossi að Ruddakróki og er notast við hana þegar þörf er á. Vatnsveita Flóahrepps sér nokkrum eignum innan Sveitarfélagsins Árborgar fyrir köldu vatni.

Flóahreppur er aðili að Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita bs. ásamt fimm öðrum sveitarfélögum og er þjónustan staðsett er á Laugarvatni. Byggðasamlagið hefur það hlutverk að annast lögbundin verkefni byggingar- og skipulagsfulltrúa ásamt því að sjá um hreinsun á rotþróm aðildarsveitarfélaga byggðasamlagins og sjá um móttöku og vinnslu á seyru.

Fráveita í sveitarfélaginu byggist á rotþróm við húsnæði en unnið er að fráveitukerfi í nýrri íbúðarbyggð í Þingborg.

Flóahreppur á samstarf við Sveitarfélagið Árborg um nokkur málefni svo sem dagdvöl aldraðra, heilsueflingu og rekstur bókasafns.

3. UMHVERFISMAT

Endurskoðun aðalskipulags fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 (UMFÁ) þar sem áætlunin markar stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í viðauka laganna.

Umhverfismati er ætlað að stuðla að verndun umhverfis og sjálfbærri þróun í samræmi við fyrrnefnd lög og áhrif tiltekinna markmiða sem sett eru fram í aðalskipulaginu skulu metin. Umhverfismati er ætlað að sjá til þess að umhverfisáhrif séu skoðuð við móttöku tillögu og að haft sé að leiðarljósi frá upphafi að halda neikvæðum áhrifum í lágmarki og hámarka jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Metið er hvort þeir valkostir, sem settir eru fram til að ná markmiðum áætlunarinnar, muni hafa jákvæð, óveruleg eða neikvæð áhrif á tiltekna umhverfispætti. Í umhverfisskýrslu verður gerð grein fyrir þessu mati og er skýrslan lögð fram með aðalskipulagstillögunni, á formlegum kynningartíma hennar. Samráð skal haft við Skipulagsstofnun við ákvörðun um umfang og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu.

Helstu breytingar í stefnu gildandi skipulags verða teknar til umhverfismats. Með nýjum skipulagslögum og -reglugerð er kveðið á um ítarlegri stefnumótun en áður. Því getur verið um stefnubreytingu að ræða eða einungis breytingu til samræmis við ný lög og reglugerðir. Því eru þau markmið sem víkja verulega frá gildandi skipulagi dregin fram og sýnt hvernig ólíkir valkostir snerta umhverfispættina sbr. lög um umhverfismat áætlana. Við gerð umhverfismats verða ákveðin viðmið notuð og stuðst við stefnu sem sveitarstjórn hefur samþykkt ásamt stefnu og áætlunum á landsvísu sem varða viðfangsefni aðalskipulagsins. Stefnumörkun og val skipulagsleiða skulu taka mið af niðurstöðum þessa umhverfismats.

3.1. Tengsl við aðrar áætlanir

Við vinnslu á endurskoðun aðalskipulags verður tekið mið af öðrum áætlanagerðum. Helst ber að nefna aðalskipulagsáætlanir aðliggjandi sveitarfélaga, Landsskipulagsstefnu, Náttúruverndaráætlun, Samgönguáætlun, auk stefnu sveitarfélagsins sem byggir á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

3.1.1. Landsskipulagsstefna

Landsskipulagsstefna 2024-2038 er unnin á grundvelli skipulagslaga nr.123/2010 og var samþykkt á Alþingi í maí 2024 og leysir hún af hólmi landsskipulagsstefnu 2015-2026. Landsskipulagsstefna felur í sér samræmda stefnu ríkisins í skipulagsmálum fyrir landið í heild auk haf- og strandsvæða og felur í sér almennar leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Framtíðarsýn stefnunnar byggir á leiðarljósum eldri stefnu um að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji samkeppnishæfni og sé sveigjanlegt og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.

Í landsskipulagsstefnu 2024-2038 eru eftirfarandi þrjú markmið lögð til grundvallar, sem öll byggja á sjálfbærri þróun.

A. Markmið um vernd umhverfis og náttúru snýr að heilnæmi umhverfis og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Þar kemur fram áhersla á kolefnishlutleysi sem leiðarljós í skipulagi og samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda frá landnotkun.

B. Markmið um velsæld samfélags snýr að almennri velsæld í samfélagi og gæðum í hinu byggða umhverfi með jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi. Þar kemur fram áhersla á loftslagsaðlögun sem leiðarljós í skipulagi og seiglu samfélaga gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga.

C. Markmið um samkeppnishæft atvinnulíf snýr að samkeppnishæfni samfélags og eflingu atvinnulífs, hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda þar sem vexti er beint á tiltekin svæði. Þar kemur fram áhersla á kolefnishlutleysi sem leiðarljós í skipulagi með aukinni bindingu gróðurhúsalofttegunda.

Til að takast á við þær áskoranir sem blasa við á sviði skipulagsmála skal unnið að eftirfarandi níu lykilviðfangsefnum:

1. Viðbrögðum við loftslagsbreytingum.
2. Jafnvægi í uppbyggingu húsnaðis og lífsgæði í byggðu umhverfi.
3. Uppbyggingu þjóðhagslega mikilvægra innviða.
4. Landnotkun í dreifbýli.
5. Landnotkun á miðhálendi Íslands.
6. Orkuskiptum í samgöngum og fjölbreyttum ferðamáta.
7. Skipulag haf- og strandsvæða.
8. Skipulag vindorku.
9. Vernd líffræðilegrar fjölbreytni.

Lögð er mikil áhersla á að sveitarfélög útfæri í skipulagi hvernig draga megir úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka bindingu kolefnis. Sveitarfélög skulu taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim.

3.1.2. Náttúruverndaráætlun

Ný lög um náttúruvernd nr. 60/2013 tóku gildi árið 2015. Samkvæmt 13. gr. laganna gefur ráðherra út náttúruminjaskrá og leggur fram á Alþingi eigi sjaldnar en á 5 ára fresti tillögu að þingsályktun um framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Í nýju lögunum er gert ráð fyrir náttúruminjaskrá sem skiptist í 3 hluta: A- hluti er skrá yfir náttúruminjar og svæði sem hafa verið friðlýst eða friðuð. B- hluti er framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum. C- hluti er skrá yfir náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða. Í nýju náttúruverndarlögunum voru einnig skilgreindir nýir flokkar friðlýstra svæða, þ.e. óbyggð víðerni og landslagsverndarsvæði. Ráðherra ákveður friðlýsingu svæða og friðun vistkerfa, vistgerða og tegunda og tekur jafnframt ákvörðun um breytingu og afnám friðlýsingar og friðunar. Í lögunum er lögð áhersla á að byggja upp skipulagt net verndarsvæða til að stuðla að vernd líffræðilegrar fjölbreytni, jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags. Ákvæði um efnistöku sem áður voru í náttúruverndarlögum hafa verið færð inn í skipulagslögin. Við endurskoðun aðalskipulagsins verður tekið mið af Náttúruminjaskrá.

3.1.3. Rammaáætlun

Rammaáætlun tekur fyrir vernd og nýtingu auðlinda landsins og landsvæða og er samheiti yfir ákveðin lög, ferli og aðferðafræði sem eru verkfæri til að greiða úr ágreiningi sem kann að rísa er varðar nytjar landsins. Í gildandi Rammaáætlun er Urriðafoss skilgreindur í biðflokki þ.e. virkjunarkostur sem ekki er hægt að taka afstöðu til vegna skorts á gögnum.

3.1.4. Svæði á náttúruminjaskrá

Í Flóahreppi er eitt svæði á náttúruminjaskrá undir aðrar náttúruminjar (Lýsing) á svæðunum eru teknar orðrétt úr texta Umhverfisstofnunar²

749. Vatn í landi Gaulverjabæjar í Flóa. (2) Grunnt stöðuvatn. Sérstæður gróður.

3.1.5. Samgönguáætlun

Framtíðarsýn samgönguáætlunar er að bæta lífsgæði um land allt með bættem samgöngum og styrkara grunnneti samgangna. *Ísland verði í fremstu röð með trausta og örugga innviði, öflug sveitarfélög, verðmætasköpun og framsækna þjónustu. Tækni tengi byggðir landsins og Ísland við umheiminn í jafnvægi við umhverfið.* Meginmarkmið áætlana í samgöngu- og sveitarstjórnarmálum er að þjónusta samgöngu- og fjarskiptakerfa mæti þörfum samfélagsins og að sjálfbærar byggðir og sveitarfélög verði um land allt.

² Umhverfisstofnun (n.d.)

3.1.6. Fjarskiptaáætlun

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra leggur fram á Alþingi, að minnsta kosti á þriggja ára fresti, tillögu til þingsályktunar um fjarskiptaáætlun þar sem mörkuð er stefna til næstu fimmtán ára. Í fjarskiptaáætlun eru skilgreind markmið stjórnvalda sem stefna ber að og leggja þannig grunn að framþróun íslensks samfélags. Stuðla skal að aðgengilegum og greiðum, hagkvæmum og skilvirkum, öruggum og umhverfisvænum fjarskiptum. Í gildi er stefna í fjarskiptum 2019-2033 nr. 32/149 og fimm ára fjarskiptaáætlun 2019-2023 nr. 31/149. Í kafla 2.1.1. í gildandi stefnu er lögð áhersla á að aðgengi lögheimila og atvinnuhúsnæðis að ljósleiðara verði 99,9%. Ljósleiðari var lagður í Flóahreppi árið 2018 og er stærstur hluti íbúðarhúsa tengdur kerfinu. Flóaljós er fyrirtæki í eigu sveitarfélagsins og rekið sem deild innan sveitarfélagsins.

3.1.7. Aðrar stefnur og samþykktir á sveitarfélags- og svæðisvísu

Á fyrri hluta ársins 2020 var unnin stefna fyrir sveitarfélagið sem byggir á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni. Stefnan var unnin í samvinnu sveitarstjórnar nefnda og íbúa sveitarfélagsins. Hluti af stefnumótun sveitarfélagsins var að velja þau gildi sem skulu einkenna starfsemi sveitarfélagsins. Í kjölfarið var hafist handa við undirbúning að mótun nýrrar skólastefnu í sama anda. Vinna við gerð skólastefnu Flóahrepps hófst á haustmánuðum árið 2020 og var hún samþykkt í sveitarstjórn á haustmánuðum 2021 og gildir hún til ársins 2025.

- [Stefna Flóahrepps](#)
- [Skólastefna Flóahrepps](#)
- [Atvinnumálastefna neðri hluta Árnessýslu 2025-2029](#)

3.1.8. Aðrar áætlanir stjórnvalda

Aðrar stefnur og áætlanir stjórnvalda sem snerta á málefnum aðalskipulags Flóahrepps verða hafðar verða til hliðsjónar við endurskoðun skipulagsins.

3.1.9. Kerfisáætlun

Áætlunin er unnin skv. raforkulögum nr. 65/2003 en Landsneti ber að sjá til þess að fyrir liggi áætlanir um uppbyggingu flutningskerfis raforku.

3.1.10. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun voru samþykkt af fulltrúum allra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna í september árið 2015. Markmiðin gilda á tímabilinu 2016-2030 og eru 17 talsins með 169 undirmarkmið. Þau taka bæði til innanlandsmála sem og alþjóðasamstarfs á gildistímanum. Heimsmarkmiðin eru algild og því hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að vinna skipulega að innleiðingu þeirra bæði á innlendum og erlendum vettvangi út gildistíma þeirra. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun skulu höfð að leiðarljósi í stefnumörkun í sveitarfélaginu, í samræmi við áherslur stjórnvalda sem hafa samþykkt innleiðingu markmiðanna á Íslandi. Með markmiðunum er leitast við að tryggja öllum mannréttindi og ná fram kynjajafnrétti og efla vald kvenna og stúlkna. Markmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli hinna þriggja stóða sjálfbærrar þróunar, þ.e. hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu stoðar.

Ríkisstjórn Íslands hefur forgangsraðað 65 undirmarkmiðum við innleiðingu heimsmarkmiðanna á Íslandi, en forgangsröðunin tekur mið af stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. Forgangsmarkmiðin endurspeglar áherslur stjórnvalda við innleiðingu markmiðanna næstu árin. Þau útiloka þó ekki að unnið verði að innleiðingu annarra markmiða.

3.1.11. Helstu áhrifaþættir

Áætlanir um ný mannvirki, samgöngur og aukna skógrækt í sveitarfélaginu eru þeir þættir skipulagsvinnunnar sem líklegastir eru til að hafa í för með sér áhrif á umhverfið. Ráðast þarf í nýja flokkun landbúnaðarlands til að uppfylla núgildandi kröfur til aðalskipulags skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Forðast skal að nota gott landbúnaðarland undir skógrækt.

Fjallað eru nánar um þessa matsþætti í töflu 4.

Tafla 1. Lýsing matsþátta.

Matsþáttur	Lýsing
Atvinna	Sköpun nýrra og fjölbreyttra atvinnutækifæra, aukin áhersla á nýsköpun og skapandi greinar til viðbótar við vöxt og viðhald hinna hefðbundnari atvinnuvega í sveitarfélaginu. Heimildir á landbúnaðarsvæðum s.s. fyrir ferðaþjónustu eða stakar framkvæmdir. Skógrækt og endurheimt votlendis. Framtíð og fyrirkomulag ferðaþjónustu, gisti- og afþreyingarmöguleikar í sveitarfélaginu. Tækni og nýjar lausnir í atvinnumálum, t.a.m. fjarvinna og færanleg störf. Getur haft áhrif á samfélag, náttúrufar og dýralíf, náttúru og menningarminjar.
Byggð	Þróun byggðar við þéttbýlismörk Árborgar og yfirbragð byggðar í sveitarfélaginu og þróun byggðar meðfram Þjóðveginum. Skipulagsþáttur getur haft áhrif á samfélag, náttúrufar og dýralíf, náttúru og menningarminjar og vötn. Áhrif á samfélag, náttúrufar og dýralíf, náttúru og menningarminjar og vötn geta einnig verið til staðar, svo sem vegna staðsetningar, umfangs og gerðar nýrra mannvirkja
Samgöngur	Áframhaldandi uppbygginga þjóðvegna í gegnum sveitarfélagið, helstu tengivega og reiðvega. Möguleg áhrif á öryggi vegfarenda og íbúa, lýðheilsu, byggðapróun og atvinnutækifæri á svæðinu (samfélag). Skipulag samgangna getur einnig haft áhrif á landslag og ásýnd, hljóðvist, loftgæði (losun gróðurhúsalofttegunda), náttúrufar og dýralíf, náttúru- og menningarminjar og vötn.
Umhverfi og náttúra	Flokkun landbúnaðarlands og skipulag skógræktar í sveitarfélaginu, staðsetning og umfang. Endurskoðun vatnsverndar í Hjálmholtssandi/Merkurhrauni. Endurskoðun á hverfisvernd.

	Getur haft áhrif á landnotkun, ásynd lands og landslag, jarðveg, lífríki og lífræðilega fjölbreytni, loftgæði (bindingu kolefnis).
--	--

3.1.12. Umhverfisþættir og áherslur

Meginþættir í umhverfismati skipulagsáætlunarinnar verða Samfélag, náttúrufar & dýralíf, náttúru- & menningarminjar, vatn, sjór & strandlína, landslag & ásynd og Náttúruvá & öryggismál.

Tafla 2. Áherslur í umhverfismati skipulagsáætlunarinnar

Áhrifapáttur	Megin spurning í umhverfismati áætlunarinnar: Hvernig samræmist skipulagsáætlunin umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins er varðar viðkomandi umhverfisþátt, önnur stefnuskjöl, lög og alþjóðlegar skuldbindingar?
Samfélag	Allir skipulagsþættir sem taldir eru upp í töflu 4 geta haft áhrif á samfélag. Megináhersla matsins er hvort stefnumörkun skipulagsáætlunarinnar hefur áhrif á: - Gæði þjónustu við íbúa? - Atvinnumöguleika íbúa? - Íbúafjölda og/eða íbúasamsetningu? - Gæði byggðar og efnisleg verðmæti? - Aðgengi íbúa að íþrótt-, tómstunda- og útivistarsvæðum og náttúru?
Náttúrufar & dýralíf	Hefur stefnumörkun skipulagsáætlunarinnar áhrif á: - Viðkvæma náttúru eða dýralíf? - Svæði sem teljast mikilvæg vegna líffræðilegs fjölbreytileika? - Svæði sem teljast mikilvæg vistsvæði fugla? - Svæði sem teljast mikilvæg búsvæði dýra/gróðurs? - Aukna mengun á svæðinu?
Náttúru- & menningarminjar	Hefur stefnumörkun skipulagsáætlunarinnar áhrif á: - Fornleifar - Aðrar menningarminjar/-verðmæti - Búsetu- eða menningarlandslag - Friðlýst svæði eða önnur verndarsvæði samkvæmt lögum um náttúruvernd - Svæði á náttúruminjaskrá eða náttúruverndaráætlun - Hverfisverndarsvæði
Vatn, sjór & strandlína	Hefur stefnumörkun skipulagsáætlunarinnar áhrif á: - Vatnsverndarsvæði - Vötn, ár og læki - Votlendissvæði, strandsvæði eða grunnsævi

Landslag & ásýnd	Hefur stefnumörkun skipulagsáætlunarinnar áhrif á: • Ásýnd lands á fjölförnum slóðum • Landslag/ ásýnd svæða sem teljast mikilvæg vegna náttúrufars, dýralífs eða menningarminja • Verðmætar landslagsheildir
Náttúruvá & öryggismál	Hefur þróun byggðar, atvinnusvæða, skógræktar og fyrirkomulag samgöngukerfa áhrif á: • Núverandi byggingarsvæði • Ný byggingarsvæði • Megin samgönguæðar • Umferðaröryggi

Í umhverfismati áætlunarinnar verða sett viðmið fyrir hvern meginumhverfisþátt. Viðmiðin verða sett með tilliti til stefnu Flóahrepps, markmiða sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum og viðmiða í öðrum opinberum stefnuskjölum, lögum og alþjóðlegum skuldbindingum. Áhersla verður lögð á að styðja við matið með mælanlegum umhverfisvísum þar sem kostur er. Framsetning á niðurstöðu matsins verður í formi greinargerðar og yfirlitstafla.

Skoðað verður hvort sú stefna sem sett er fram hafi jákvæð eða neikvæð áhrif á umhverfisþætti samanborið við núverandi ástand, þ.e. núllkost. Teljist umhverfisáhrif verulega neikvæð verður brugðist við með breytingu á stefnu eða mótvægisaðgerðum. Matsvinnan mun nýtast til þess að skilgreina mögulegar vöktunaraðgerðir ef óvissa ríkir um hugsanleg umhverfisáhrif.

3.1.13. Umhverfisviðmið

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða vísir til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem stefna aðalskipulagsins hefur í för með sér. Umhverfisviðmið geta verið af ýmsum toga s.s. lög og stefnumið stjórnvalda. Höfð verður hliðsjón af viðmiðum og umhverfisverndarmarkmiðum sem sett eru fram í töflu 6. Matsvinnunni er ætlað að styrkja umfjöllun um forsendur og tryggja rökstuðning fyrir þeirri stefnu sem sett er fram í aðalskipulaginu.

Stefnumörkun	Lýsing
Lög	
Skipulagslög nr. 123/2010	1. kafli, 1. Gr. B-liður. Að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru- og menningarverðmæta og að koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
Lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Nr. 111/2021.	Markmið laganna er: a. sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skal að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem eru líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, b. skilvirkni við umhverfismat framkvæmda og áætlana, c. að almenningur hafi aðkomu að umhverfismati framkvæmda og áætlana og samvinna aðila sem hafa hagsmuna að gæta eða láta sig málið varða vegna umhverfismats framkvæmda og áætlana.
Lög um menningarminjar nr. 80/2012	Markmið laganna er að tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Þá kveða lögin á um að allar minjar 100 ára og eldri séu fornminjar sbr. 3. Gr. Laganna. Þar segir einnig að til fornleifa teljist „hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða manna verk eru á. Í 30. Gr. Laganna segir að eigendum húsa og mannvirkja sem ekki njóta friðunar en byggð voru 1925 eða fyrr, svo og forráðamönnum kirkna sem reistar voru 1940 eða fyrr, er skylt að leita álits Minjastofnunar Íslands. Í 31. Gr. Segir að óheimilt sé að gera nokkrar breytingar á friðlýstu húsi eða mannvirki án vitundar Minjastofnunar.
Lög um náttúruvernd nr. 60/2013	Markmið laganna er að vernda til framtíðar fjölbreytni íslenskrar náttúru, þar á meðal líffræðilega og jarðfræðilega fjölbreytni og fjölbreytni landslags. Þau eiga að tryggja eftir föngum þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum og verndun þess sem þar er sérstætt eða sögulegt og einnig stuðla að endurheimt raskaðra vistkerfa og auknu þoli íslenskra vistkerfa gegn náttúruhamförum og hnattrænum umhverfisbreytingum. Í lögnum eru sett fram verndarmarkmið fyrir vistgerðir, vistkerfi og tegundir, jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni. Lögin miða jafnframt að vernd og sjálfbærri nýtingu auðlinda og annarra náttúrugæða. Samkvæmt 69. Gr. Eiga mannvirki að falla sem best að svipmóti lands. Meðal þeirra jarðmyndana og vistkerfa sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. Gr. Laganna eru stöðuvötn og tjarnir, mýrar og flóar, fossar svo og hrúður og hrúðurbreiður, sjávarfitjar og leirur og skal forðast röskun þeirra eins og kostur er. Samkvæmt 62. Gr. Skal við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.
Jarðalög nr. 81/2004	Markmið skv. 1. Gr. er að setja reglur um réttindi og skyldur þeirra sem eiga land og nýta það og stuðla að skipulegri nýtingu lands í samræmi við landkosti, fjölþætt hlutverk landbúnaðar og hagsmuni sveitarfélaga og íbúa þeirra, svo og

	að tryggja svo sem kostur er að land sem vel er fallið til búvöruframleiðslu verði varðveitt til slíkra nota.
Vegalög nr. 80/2007.	Markmið laganna er að setja reglur um vegi og veghald sem stuðla að greiðum og öruggum samgöngum. Skv. 6. gr skal vegakerfi landsins skiptist í þjóðvegi, sveitarfélagsvegi, almenna stíga og einkavegi. Þjóðvegir og sveitarfélagsvegir skulu mynda eðlilegt, samfellt vegakerfi til tengingar byggða landsins.
Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.	Markmið laganna er að vernda náttúruskóga landsins og stuðla að aukinni útbreiðslu þeirra, að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni, ræktun nýrra skóga til að byggja upp fjölbreytta skógarauðlind til sjálfbærra nytja, að nýting skóga sé sjálfbær þannig að skógarnytjar skili sem mestum hagrænum, félagslegum og umhverfislegum ávinningi fyrir samfélagið, að skógrækt verði í samræmi við skipulagsáætlanir og náttúruvernd, að auðvelda aðgengi fólks að skógum til útivistar og auka þekkingu fólks á málefnum skóga og skógræktar, að stuðla að kolefnisbindingu með ræktun skóga og aðlögun þeirra að loftslagsbreytingum, að skógrækt stuðli að verndun jarðvegs og dragi úr hugsanlegu tjóni vegna náttúruvár.
Reglugerðir	Lýsing
Skipulagsreglugerð nr. 90/2013	Gr. 1. Þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi. Stuðla skal að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða, tryggja vernd landslags, náttúru og menningarverðmæta og koma í veg fyrir umhverfisspjöll og ofnýtingu með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.
Reglugerð um varnir gegn mengun grunnvatns nr. 797/1999	Gr. 1. Markmið reglugerðar þessarar er að koma í veg fyrir mengun grunnvatns af mannavöldum. Einnig er það markmið að takmarka afleiðingar mengunar sem þegar hefur orðið á grunnvatni.
Reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001	Gr. 2. Markmiðið er að vernda heilsu manna með því að tryggja að neysluvatn sé heilnæmt og hreint.

Í töflu hér að neðan eru raktar nokkrar af stefnum eða samþykktum sem hafðar verða til hliðsjónar við aðalskipulagsgerðina, en ekki er um tæmandi lista að ræða og verður taflan uppfærð eftir þörfum í áframhaldandi skipulagsvinnu.

Önnur stefnumörkun		Lýsing
Byggðastefna	Stefnuýfirlýsing ríkisstjórnar	Ísland verði í fararbroddi í umhverfismálum á heimsvísu og öðrum þjóðum fyrirmynd á sviði umhverfisverndar. Ísland hefur sérstöðu í umhverfismálum í krafti ósnortinnar náttúru og sjálfbærrar nýtingar endurnýjanlegra auðlinda. Lögð er áhersla á að náttúruvernd og náttúrunýting fari saman.
	Áfangastaðaáætlun Suðurlands	Innan áfangastaðaáætlunar Suðurlands eru nefndir nokkrir áherslustaðir innan Flóahrepps þar sem sett eru fram markmið um uppbyggingu á ferðaþjónustu.
Ferðamennska	Vegvísir í ferðaþjónustu	Áfangastaðir ferðamanna verði skilgreindir í aðalskipulagi. Á áfangastöðum verði hugað að náttúru- og minjavernd, sjálfbærni áfangastaða, þjónustu, landvörslu, viðhaldi og uppbyggingu sem fellur vel að landslagi. Umferð ferðamanna verði stýrt ef þörf krefur, m.a. til að létta álagi af svæðum, þannig að hærri hlutfall gistinátta erlendra ferðamanna, á hótélum og gistiheimilum á landsbyggðinni, verði utan háannatíma. Góðar og öruggar samgöngur eru forsenda þess að ferðamenn dreifist sem víðast um landið. Bæta þarf uppbyggingu og viðhald heilsársvega og æskilegt er að skilgreina ferðamannaleiðir.
	Íslensk ferðaþjónusta til 2030	Stefnurámmi um ferðaþjónustu til ársins 2030 þar sem mörkuð er langtímastefna um ferðaþjónustu í samvinnu við hagaðila með sjálfbærni að leiðarljósi.
Loftslagsmál	Heimsmarkmiðin -Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun.	Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun skulu höfð að leiðarljósi í stefnumörkun í sveitarfélaginu, í samræmi við áherslur stjórnvalda sem hafa samþykkt innleiðingu markmiðanna á Íslandi. Með markmiðunum er leitast við að tryggja öllum mannréttindi og ná fram kynjajafnrétti og efla vald kvenna og stúlkna. Markmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli hinna þriggja stöða sjálfbærrar þróunar, þ.e. hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu stöðar. Sveitarfélagið skal taka ákvörðun um hvernig innleiðing markmiðanna í stefnu sveitarfélagsins verður háttað og hvort forgangsraða eigi ákveðnum markmiðum í sveitarfélaginu.
	Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018 – 2030	Meginmarkmið aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum með það fyrir augum að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar gagnvart Parísarsamningnum til ársins 2030.
	Hreint loft til framtíðar. Áætlun um loftgæði á Íslandi 2018-2029.	Meginmarkmið umhverfis- og auðlindaráðuneytis í loftgæðamálum er að stuðla að loftgæðum og heilnæmu umhverfi. Mikilvægt er að koma í veg fyrir aukna loftmengun þrátt fyrir að áhrif hennar séu mögulega lítil hér á landi samanborið við önnur Evrópulönd. Einnig er mikilvægt að almenningur á Íslandi hafi góðan aðgang að upplýsingum um loftgæði. Loks er mikilvægt að ábyrgðarskipting stjórnvalda í málefnum tengdum loftgæðum sé skýr og að stjórnsýslan sé skilvirk. Undirmerkmíð áætlunar um loftgæði á Íslandi til 12 ára (2018-2029) eru eftirfarandi: 1. Fækka árlegum ótímabærum dauðsföllum af völdum loftmengunar á Íslandi úr 80 (árið 2013) í færri en fimm fyrir 2029 2. Fækka árlegum fjölda daga þar sem svifryk fer yfir skilgreind heilsufarsmörk af völdum umferðar úr 7-20 skiptum niður í núll skipti fyrir árslok 2029 3. Ársmeðaltal brennisteinsvetnis (H2S) verði áfram undir skilgreindum mörkum
	Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024	Fram kemur í stefnunni að eðlilegt sé að líta á stefnu Íslands um sjálfbæra þróun, <i>Velferð til framtíðar</i> , sem grunninn að stefnumótun Íslands í umhverfismálum og þar með úrgangsmálum.
Menningarstefna í mannvirkjagerð, 2007		Stefnu íslenskra stjórnvalda um byggingarlist og hönnun opinberra mannvirkja er ætlað að standa vörð um menningararf í manngerðu umhverfi. Markmið stjórnvalda með stefnumörkun á sviði mannvirkjagerðar er að sýna fordæmi og vera fyrirmynd í að tryggja gæði og vandvirkni ásamt því að stuðla að uppfræðslu og vitundarvakningu um þau verðmæti sem liggja í góðri byggingarlist.

	Stjórnvöld bera mikla ábyrgð á manngerðu umhverfi, bæði með setningu laga og reglna og við ákvarðanir um skipulag byggðar og uppbyggingu hennar.
Samningar	Lýsing
Ramsarsamningur um votlendi	Samningurinn gerir ráð fyrir verndun og skynsamlegri nýtingu votlendissvæða í heiminum, sérstaklega sem lífsvæði fyrir votlendisfugla.
Samningur um líffræðilega fjölbreytni	Samningurinn hefur það þríþætta markmið að vernda líffræðilega fjölbreytni, að tryggja að nýting lífrænna auðlinda sé sjálfbær og að arðinum af nýtingu þeirra sé skipt með réttlátum hætti.
Rammasamningur SP um loftslagsbreytingar	Að koma í veg fyrir hættulega röskun á loftslagskerfinu af mannavöldum, og tryggja þannig að matvælaframleiðslu í heiminum verði ekki stefnt í hættu og að efnahagsþróun geti haldið áfram á sjálfbæran máta.
Parísarsamkomulagið	Parísarsamkomulagið skyldar þær 195 þjóðir sem skrifuðu undir til að vinna saman að því að halda hnattrænni hlýnun af mannavöldum innan 2°C marksins, með aukamarkmið að reyna að stefna að því að halda því innan 1,5°C. Það hefur í för með sér að stöðva aukningu í losun gróðurhúsalofttegunda eins fljótt og hægt er og ná jafnvægi á milli losunar og bindingar.
Bernarsamningurinn (staðfestur 1993)	Markmið samningsins er að vernda evrópskar tegundir villtra plantna og dýra og lífsvæði þeirra.

3.1.14. Valkostir og mat á áhrifum

Í umhverfismatinu verða metin möguleg umhverfisáhrif valkosta og stefnumiða er snerta ný mannvirki, samgöngur og aukna skógrækt í sveitarfélaginu

Megin áherslur í greiningu á kostum og sviðsmyndum verður þó eftirfarandi:

Í matinu verða kostir bornir saman innbyrðis og við óbreytt ástand, þ.e. gildandi skipulag og þá sviðsmynd að ekkert verði aðhafst miðað við núverandi ástand. Kostir verða bornir saman m.t.t. umhverfis-, og samfélagsþátta með aðstoð gátlista og samanburður á þeim settur fram í yfirlitstöflum.

Sveitarstjórn ásamt vinnuhópi um aðalskipulagið mun leggja mat á umhverfisáhrif áætlunarinnar með aðstoð ráðgjafahóps um endurskoðun aðalskipulagsins. Umhverfismatið verður byggt á þeim matsspurningum sem lagðar eru fram í töflu 5 um hvern umhverfisþátt.

Eftirfarandi einkennum áhrifa verður lýst:

Umfang: Hversu stórt eða umfangsmikið svæði verður fyrir áhrifum af áætlun og hversu margir kunna að verða fyrir áhrifum. Er líklegt að áhrifa áætlunar gæti yfir sveitarfélagsmörk?

Líkur: Hverjar eru líkur á áhrifum og hversu varanleg yrðu þau? Eru áhrifin t.d. afturkræf eða óafturkræf, tímabundin eða varanleg?

Sammögnun áhrifa: Er líklegt að einstakir stefnuþættir skipulagsins geti valdið sammögnuðum áhrifum á umhverfið?

Áhætta: Kann áætlunin að auka áhættu fyrir heilbrigði fólks og umhverfið.



Áhrif umhverfismatsins eru metin út frá einkennum áhrifanna m.t.t. viðmiða sem skilgreind eru út frá stefnuskjölum og markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum, öðrum opinberum stefnuskjölum, lögum eða alþjóðlegum skuldbindingum. Jafnframt verður byggt á upplýsingum sem koma fram við kynningu og samráð meðan á undirbúningi skipulagsins stendur.

Ef umhverfisáhrif eru talin verða verulega neikvæð verður kannað hvort unnt sé að draga úr áhrifum með mótvægisáðgerðum.

Þar sem óvissa er um áhrif verður gerð grein fyrir henni og hvort að hún sé háð útfærslu á stefnu aðalskipulagsins á síðari stigum, s.s. við gerð deiliskipulags eða við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda, eða hvort gera þurfi vöktunaráætlun fyrir viðkomandi umhverfisþátt.

4. SKIPULAGSFERLIÐ

Gert er ráð fyrir að skipulagferillinn taki um tvö ár. Framvinda ræðst hins vegar mikið af ákvarðanatöku sveitarstjórnar og nefndum sveitarfélagsins og getur því eftir atvikum tekið skemmri eða lengri tíma.

Undirbúningur	
Mars-apríl	- Fundir með sveitarstjórn og skipulags- og byggingarnefnd, vettvangsskoðun. - Yfirfara framtíðarsýn og helstu markmið og áherslur.
2025	- Fá aðgang að núverandi grunnum sem sveitarfélagið. - Uppsetning á kortagrunnum í samræmi við skipulagsreglugerð og landnotkunarflokkum.

Lýsing	
Apríl-nóvember	- Öflun og úrvinnsla grunnupplýsinga. - Forsendur frá gildandi stefnum á landsvísu s.s. Landsskipulagsstefnu og stefnu stjórnvalda um loftslagsmál. - Skipulagslýsing kynnt fyrir almenningi. - Opið hús með íbúum og hagsmunaaðilum og úrvinnsla. - Umfang og áherslur umhverfismats. - Skipulagslýsing send Skipulagsstofnun og öðrum umsagnaraðilum.
2025	

Drög að skipulagstillögu	
Desember 2025-	Mótun framtíðarsýnar og meginmarkmiða, ásamt stefnumótun.
Mars 2026	- Endurskoðun á landnotkun horft sérstaklega á landbúnaðarsvæði, íbúðarbyggð, frístundabyggð, skórækt og landgræðslusvæði og efnistökusvæði. - Samantekt, úrvinnsla gagna og tillögugerð. - Fyrstu drög að umhverfisskýrslu. - Nánari úrvinnsla og stefnumótun.

Tillaga til forkynningar	
Mars – júlí 2026	- Landnotkunaruppdrættir og skýringarkort fyrir einstaka þætti skipulagsins. - Skipulagstillaga og umhverfisskýrsla kynnt og samþykkt í nefndum og sveitarstjórn. - Kynning fyrir íbúa, hagsmunaaðila og nágrannasveitarfélög.

Skipulagstillaga til athugunar hjá Skipulagsstofnun	
Júlí-september	- Frágangur og samþykkt skipulagstillögu og umhverfisskýrslu. - Athugun Skipulagsstofnunar á skipulagstillögu.
2026	

Skipulagstillaga til auglýsingar	
----------------------------------	--

- | | |
|-------------------------------------|--|
| September-
nóvember 2026 | <ul style="list-style-type: none"> ○ Frágangur á skipulagstillögu og umhverfisskýrslu til auglýsingar. ○ Auglýsing á skipulagstillögu og umhverfisskýrslu (6 vikur). |
|-------------------------------------|--|

Lokaafgreiðsla aðalskipulags

- | | |
|----------------------|--|
| Desember 2026 | <ul style="list-style-type: none"> ○ Svör og viðbrögð við athugasemdum. ○ Frágangur á skipulagstillögu eftir auglýsingu. ○ Afgreiðsla á skipulagstillögu til Skipulagsstofnunar. ○ Staðfesting Skipulagsstofnunar. |
|----------------------|--|

4.1. Samráð og kynning

Einn þáttur í vinnuferli við aðalskipulag er að kynna það á ýmsum stigum þar sem m.a. er leitað eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta um mörkun stefnu og skipulagsmarkmiða.

Opnir samráðs- og kynningarfundir verða haldnir í Flóahreppi og auglýstir í Áveitunni, innansveitar fréttarbréfi sveitarfélagsins, Dagskránni og á heimasíðu sveitarfélagsins. Meginmarkmið slíkra funda er að virkja íbúa sveitarfélagsins til þátttöku í aðalskipulagsvinnunni og kalla fram skoðanir og hugmyndir þeirra á upphafsstigum skipulagsvinnunnar. Íbúum mun gefast fleiri tækifæri til að koma athugasemdum, hugmyndum, ábendingum og spurningum á framfæri.

Skipulags- og matslýsing þessi verður kynnt í samræmi við gr. 4.2.4. í skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Hún verður auglýst og kynnt á vef sveitarfélagsins. Gefinn verður tveggja vikna frestur til að koma á framfæri ábendingum.

Drög að skipulagstillögu á vinnslustigi verða kynnt á vef sveitarfélagsins og á opnu húsi. Kynningin verður auglýst á vef sveitarfélagsins og í dagblöðum. Fréttum af helstu áföngum vinnunnar verður jafnframt miðlað eftir því sem tilefni er til.

4.2. Umsagnar- og samráðsaðilar

Þessi verkefnislýsing verður send til umsagnar Skipulagsstofnunar og eftirtalinna aðila sem hafa annað hvort lögbundið hlutverk sem tengist gerð aðalskipulags eða að þeir hafa staðið að áætlunum sem hafa bein áhrif á aðalskipulagið eða það mun taka mið af. Lýsingin verður einnig send til aðliggjandi sveitarfélaga. Sömu aðilar munu jafnframt fá tillögu að endurskoðuðu aðalskipulagi til kynningar og umsagnar, fyrir formlega auglýsingu í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Lýsingin verður jafnframt send til kynningar til ýmissa atvinnutengdra hagsmunasamtaka og félagasamtaka í sveitarfélaginu.

Haft verður samráð við aðila sem fara með málaflokka sem skipulagið nær til. Eftirfarandi aðilum verður sent bréf þar sem óskað verður eftir samráði og ábendingum um mál sem snerta starfssvið þeirra:

- Náttúruverndarstofnun
- Aðliggjandi sveitarfélög
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið



- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Rarik
- Landsnet
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Samgöngustofa
- Ferðamálastofa
- Veðurstofa Íslands
- Fiskistofa
- Land- og skógur
- Viðkomandi nefndir Flóahrepps
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Landvernd
- Önnur hagsmunasamtök